

Nd.

143. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 6 18. marz 1933, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrir „allt að 100000 sterlingspundum“ í 1. gr. laganna komi: allt að 150000 sterlingspundum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk fulltrúaráðs Útvegsbanka Íslands h/f., og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frumv. þetta fer fram á að hækka ábyrgðarheimild fyrir rekstrarláni handa Útvegsbanka Íslands h/f úr 100000 sterlingspundum í 150000 sterlingspund.

Á síðastliðnum vetri var tekið 100000 sterlingspunda rekstrarlán í Englandi, er ríkisstjórnin ábyrgðist. Var því fé eingöngu varið til lánveitinga út á sjávarafurðir og gegn veði í þeim. Endurgreiðist lánið jafnóðum og afurðirnar eru fluttar út. Er nokkur hluti lánsins þegar greiddur, og verður lánið að fullu greitt, þegar lokið er útflutningi á þeim sjávarafurðum, sem lánað hefir verið út á.

Eins og raunar fyrirfram mátti vita, þá hefir komið í ljós á þessu ári, að þetta rekstrarfé nægir ekki til þess að fullnægja lánsþörfum sjávarútvegsmanna þeirra, er viðskipti sín hafa við bankann. Fyrir því er farið fram á hækkun þá á ábyrgðarheimildinni, sem í frv. felst.

Þó lánsheimild þessi verði notuð, mun lánsféð verða notað á sama hátt og verið hefir og tryggingin hin sama fyrir því, að lánsféð verði borgað upp, en hún hefir verið, er enn og verður sú, að bankinn á alltaf í vixlum, tryggðum með fiski og öðrum sjávarafurðum, jafnháa upphæð og þessari erlendu skuld nemur“.

Nánar í framsögu.